




Varðar: Dalsmynni, fyrirspurn um skiptingu lands

Lögð fram fyrirspurn Bjarna Bærings, dags. 29. mars 2023, um að skipta upp lóðinni að Dalsmynni á Kjalarnesi í fjóra hluta, samkvæmt tillögu, ódags. að afmörkun sem skissuð er á yfirlitsmynd. Einnig er lagt fram hnitakorti Rorum, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. júní 2023.



Hluti aðalskipulags 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða


Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er Dalsmynni á skilgreindu Landbúnaðarsvæði (L1) – Kjalarnes, landbúnaðarsvæði. Um er að ræða svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu. (gr. 6.2.1q. í skipulagsreglugerð). Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. (gr. 6.2.r. í skipulagsreglugerð).

Deiliskipulag

Ekki hefur verið gerð deiliskipulagsáætlun fyrir jörðina Dalsmynni en hluti hennar er þó innan deiliskipulags Vesturlandsvegar, Esjumelar – Hvalfjörður (5. hluti Grundarhverfi – Hvalfjörður).






Afmarkanir nýrra lóða, fylgigagn fyrirspurnar.

Dalsmynni vegsvæði.

Dalsmynni vegsvæði, stofnun nýrrar landeignar úr landi Dalsmynniss

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 24. janúar 2023 var tekið fyrir mál er varðaði stofnun nýrrar landeignar úr landi Dalsmynniss. Meðal gagna málsins er greinargerð ásamt hnitsettri loftmynd þar sem vegsvæðið er skýrt afmarkað. Í greinargerðinni segir að um sé að ræða gjörning vegna kaupa Vegagerðarinnar á vegsvæði undir nýjan veg úr landi Dalsmynniss á Kjalarnesi. Heiti nýs lands er Dalsmynni vegsvæði (L235310) og er flatarmál þess um 27.395 m².



Dalsmynni vegsvæði.





Í gögnum málsins er ennfremur vísað í eignarnámsúrskurð matsnefndar eignarnámsbóta nr. 5/2021 dags. 7. júní 2022.

Byggingarfulltrúi samþykkti téða umsókn um stofnun nýs lands (Dalsmynni vegsvæði) úr landi Dalsmynnis með bókun um að hún samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Dalsmynni Vegsvæði er nú skráð í fasteignaskrá með fasteignanúmerið (F2526166).

Umsögn/niðurstaða

Fyrirspurnin varðar uppskiptingu jarðarinnar Dalsmynni á Kjalarnesi í fjóra hluta og að þeir muni skiptast í Dalsmynni nýtt land 1 (42,60 ha), Dalsmynni nýtt land 2 (24 ha), Dalsmynni nýtt land 3 (6,49 ha) og Dalsmynni nýtt land 4 (6,67 ha). Inni á miðri jörðinni er afmörkuð íbúðarhúsaloð (79.588 m²), L205099 og helst stærð og afmörkun hennar óbreytt.

Ljóst er að hluti svæðisins sem um ræðir er innan deiliskipulags Vesturlandsveggar 5. hluti (Grundarhverfi – Hvalfjörður) og þá hafa alls 27.395 m² verið teknir eignarnámi undir vegsvæði Vesturlandsveggar sbr. úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta nr. 5/2021 dags. 7. júní 2022.

Ekki er hægt að fallast á skiptingu lands úr landi Dalsmynnis samkvæmt þeirri tillögu að afmörkunum lóða sem fylgdi umsókninni. Aðlaga þarf afmarkanir nýrra lóða að nýstofnaðri landeign, þ.e. Dalsmynni vegsvæði.

Að öðru leyti eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir.

Mbk,

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

